

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur sett skv. 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um Happraætti Háskóla Íslands,
nr. 348 8. október 1976 með síðari breytingum.**

1. gr.

14. gr. orðist svo:

Vinningar í happraættinu skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórði hver miði hljóti vinning árlega að meðaltali, og skal fjárhæð vinninga nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldum samantöldum í öllum 12 flokkum. Vinningar í hverjum flokki skiptast í tvo hluta, almennan hluta og sjóðshluta.

Stjórn happraættisins ákveður, að fengnu samþykki happraættisráðs, vinningatölu og verðmæti vinninga í hinum almenna hluta vinninga hvers flokks. Til almennra vinninga skal verja 6/7 hlutum af heildarfjárhæð vinninga ársins. Vinningaskrá vegna almenna hlutans skal samin fyrirfram fyrir hvert ár. Til vinninga í sjóðshluta skal verja 70% af 1/7 hluta af andvirði hvers selds miða í hverjum flokki. Falli sjóðsvinningur í flokki á óseldan miða skal hann leggjast við heildarfjárhæð sjóðsvinninga í næsta flokki. Í 12. flokki skal útraætti sjóðsvinninga haldið áfram þar til miði í hverri útgefinni miðaröð happraættisins hefur hlotið vinning.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um Happraætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, öðlast gildi 1. janúar 1996.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. desember 1995.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1996.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1996, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A. *Íbúðir.*

Sorphirðugjald kr. 5.200 á íbúð.

B. *Fyrirtæki.*

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	a)	kr.	15.600	Flokkur	c)	kr.	62.400
„	b)	kr.	31.200	„	d)	kr.	124.800

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

C. Eyðing á brennanlegu sorpi fyrir önnur sveitarfélög í sorpeyðingarstöð kostar fyrir árið 1996, 6,25 kr./kg.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast gildi 1. janúar 1996.

Umhverfissráðuneytið, 18. desember 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Húsavíkurkaupstað árið 1996.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Húsavíkurkaupstað, sbr. 2. gr. c. staflíð samþykktar nr. 567/1991 skal vera kr. 7.280 á árinu 1996.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. maí, en eindagi er 31. maí.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 3. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 3.120 í fyrsta skipti, en síðar hækkar það í kr. 6.240 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast gildi 1. janúar 1996.

Umhverfissráðuneytið, 18. desember 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.